



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
101 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2023

2311003SA VRB/KÓ  
Málalykill: 00.64

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingum á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir, sbr. mál nr. 542 (þskj. 638)**

### **Almennt um frumvarpið.**

Vísað er til umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. nóvember sl., vegna frumvarps í **máli nr. 542**, sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi þingi, sbr. 154. löggjafarþing 2023-2024. Er um að ræða frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum til eflingar á brunavörunum og öryggi fólks sem hefur fasta búsetu í atvinnuhúsnæði.

Frumvarpið hefur m.a. það að markmiði að efla öryggi þeirra einstaklinga sem búa tímabundið í óleyfishúsnæði, í þessu tilviki í atvinnuhúsnæði, m.t.t. brunavarna ásamt því að efla öryggi og heimildir slökkviliða í sama tilgangi. Eru lagðar til breytingar á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir.

### **Nánar um athugasemdir sambandsins.**

Sambandið sendi [umsögn](#) sína þegar frumvarpið var til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda, sbr. **mál nr. 201/2023**. Segja má að athugasemdir sambandsins hafi einkum lotið að þremur þáttum.

Í **fyrsta lagi** taldi sambandið rétt að áréttu mikilvægi þess að engin réttindi fylgi þeirri aðseturskráningu sem fjallað er um í 1. gr. frumvarpsins. Lagði sambandið m.a. til að ummæli greinargerðar um réttindaleyssi aðseturs yrði áréttað og fært inn í frumvarpstextann við ákvæðið sjálft. Var brugðist við þeirri athugasemd.

Í **öðru lagi** lagði sambandið til að tímamörk yrðu sett á heimild til að skrá sérstakt aðsetur í atvinnuhúsnæði. Komið var til móts við þessa athugasemd við því að setja inn sólarlagsákvæði í frumvarpið.

Í **þriðja lagi** voru gerðar athugasemdir í tengslum við kostnaðarmat ásamt því að gerður var fyrirvari þar sem slíkt mat lá ekki fyrir á þeim tímapunkti þegar frumvarpið var til kynningar í samráðsgátt. Taldi sambandið mikilvægt

að meta kostnaðaráhrif, þ.m.t. varðandi rekstur slökkviliða og hvort fyrirhugaðar breytingar hafi í för með sér aukin verkefni og kostnað í starfsemi þeirra.

Sambandið telur þær breytingar sem gerðar hafa verið, eftir birtingu frumvarpsins í samráðsgátt stjórnvalda, vera til bóta. Engu að síður telur sambandið rétt að taka fram í umsögn þessari að fyrirhugaðar lagabreytingar munu óhjákvæmilega hafa í för með sér breytingar bæði á fyrirkomulagi og umfangi eftirlits slökkviliða í atvinnuhúsnæði.


Til þess að bregðast við þessu er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingu á lögum um brunavarnir þar sem bætt er inn auknum gjaldskrárheimildum fyrir sveitarfélög, þ.m.t. þegar um er að ræða eftirlit með búsetu í atvinnuhúsnæði, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Með þessu fyrirkomulagi er verið að bregðast við auknu eftirliti sem frumvarpið kann að hafa í för með sér.

Bent er á að verði frumvarpið að lögum mun það hafa í för með sér að slökkviliðin munu þurfa að mæta aukinni eftirlitsþörf með tilheyrandi kostnaði og aukavinnu. Í ljósi þessa treystir sambandið á að ráðrúm verði fyrir sveitarfélög til þess að útfæra umrædda gjaldtökuheimild þannig að hún taki á auknum verkefnum sem sannarlega fylgja fyrirbyggjandi frumvarpi.

Fulltrúar sambandsins lýsa sig reiðubúna til þess að koma á fund nefndarinnar til þess að ræða umsögn þessa frekar, sé eftir því óskað.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs